



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 3. maí 2019
Tilv.: FJR19050010/12.3.0

Efni: Upplýsingapóstur vegna laga um opinber innkaup og breytinga er varða sveitarfélög

Fjármála- og efnahagsráðuneytið vekur athygli sveitarfélaga á nokkrum atriðum varðandi opinber innkaup samkvæmt lögum nr. 120/2016 sem opinberum aðilum eins og sveitarfélögum ber að fara eftir.

Breyting á viðmiðunarfjárhæðum

Þann 31. maí 2019 taka gildi viðmiðunarfjárhæðir skv. 1. mgr. 23. gr. Við það breytast viðmiðunarfjárhæðir sveitarfélaga vegna útboðsskyldu innanlands og verða þær sömu og gilda um stofnanir ríkisins.

Útboðsskylda á innanlands verður eftir breytinguna 15,5 m.kr. fyrir vöru- og þjónustusamninga og 49 m.kr. fyrir verkframkvæmdir.

Útboðsskylda á EES-svæðinu verður eftir sem áður 28.752.100 kr. fyrir vöru- og þjónustusamninga og 721.794.800 kr. vegna verkframkvæmda.

Auglýsa skal útboð á útboðsvefur.is

Samkvæmt 55. gr. laga um opinber innkaup og reglugerð nr. 178/2018 er kveðið á um skyldu opinberra aðila að auglýsa öll innkaup yfir innlendum og erlendum viðmiðunarfjárhæðum á útboðsvef.

Útbodsvefur.is er sameiginlegur auglýsingavettvangur opinberra útboða. Á vefsvæðinu eru birtar auglýsingar og tilkynningar um fyrirhuguð innkaup opinberra aðila sem falla undir lög og reglugerðir um opinber innkaup. Undir það flokkast innkaup ríkis, sveitarfélaga og veitufyrirtækja þegar fjárhæðir innkaupa eru yfir innlendum og erlendum útboðsmörkum. Á útboðsvefnum geta opinberir aðilar einnig auglýst innkaup undir viðmiðunarmörkum til að tryggja gegnsæi.

Sveitarfélög greiða engan kostnað af auglýsingum á útboðsvef. Aðgengi að skráningum auglýsinga á vefinn fæst með því að hafa samband við Ríkiskaup.

Rafræn útboðskerfi

Sveitarfélögum er einnig bent á 1. og 2. mgr. 22. gr. laga um opinber innkaup, um að öll samskipti og miðlun upplýsinga skuli að jafnaði fara fram með rafrænum aðferðum. Ákvæðin tóku gildi í lok árs 2018 fyrir alla opinbera aðila um rafrænt aðgengi útboðsgagna og rafræna móttöku tilboða.

Rafrænir reikningar

Að lokum er athygli vakin á nýlegri reglugerð nr. 44/2019 um rafræna reikninga vegna opinberra

samninga þar sem m.a. kemur fram að sveitarfélög skuli eigi síðar en 18. apríl 2020 geta tekið á móti og unnið úr rafrænum reikningum. Markmið reglugerðarinnar er að einfalda viðskipti við hið opinbera og draga úr kostnaði með rafrænum reikningum.

Sveitarfélög eru hvött til að nýta sér námskeið og fræðslu sem í boði er vegna ofangreindra breytinga. Jafnframt býðst sveitarfélögum eftir sem áður að nýta sér þjónustu Ríkiskaupa varðandi ráðgjöf og framkvæmd útboða.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurður H. Helgason

Guðrún Birna Finnsdóttir

Undirritunarsíða

Fyrir hönd ráðherra
Sigurður Helgi Helgason

Fyrir hönd ráðherra
Guðrún Birna Finnsdóttir